

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 19. febrúar 2025 í máli nr. 103/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 30. júní 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að fallist verði á að honum beri einungis að greiða fyrir raunverulegt fjártjón varnaraðila vegna tjóns sem varð á bifreið á leigutíma. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 26. ágúst 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör bárust frá varnaraðila þann 28. ágúst 2024. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum bárust nefndinni þann 29. ágúst 2024 og athugasemdir varnaraðila 5. september sama ár.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, ábyrgðaryfirlýsing, afrit af leigusamningi, afrit af skriflegum samskiptum aðila, afrit af samskiptum sóknaraðila og starfsmanns evrópsku neytendaaðstoðarinnar, samantekt frá [...], afrit af reikningum, myndir, tímalína, umsagnir viðskiptavina varnaraðila, staðfesting á greiðslu og tjónaskýrsla.

Með bréfi, dags. 19. febrúar 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili leigði bifreið með skráningarnúmerið [...] af varnaraðila dagana 20. maí til 1. júní 2024 og greiddi 145.137 krónur fyrir. Á leigutímabilinu varð tjón á umræddri leigubifreið og krafðist varnaraðili þess að sóknaraðili myndi þá þegar við skil á bifreiðinni greiða sjálfsábyrgð vegna tjónsins að fjárhæð 90.000 krónur. Greiddi sóknaraðili umkrafa fjárhæð þann 1. júní 2024.

Að sögn sóknaraðila hafi hann skrifað undir ábyrgðaryfirlýsingu vegna tjónsins og greitt umkrafa fjárhæð án nokkurrar kostnaðaráætlunar, vegna þrýstings frá starfsmanni varnaraðila. Þann 3. júní 2024 hafði sóknaraðili samband við varnaraðila og óskaði eftir staðfestingu á fjárhæð viðgerðarkostnaðar vegna tjónsins. Þann 12. júlí 2024 sendi varnaraðili sóknaraðila kostnaðaráætlun frá [...] vegna tjónsins. Í tölvupósti, dags. 15. júlí 2024, óskaði sóknaraðili eftir myndum af bifreiðinni í því skyni að fá staðfestingu á að gert hafi verið við bifreiðina. Varnaraðili varð ekki við beiðni sóknaraðila. Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við [...] sem hafi staðfest að hafa lagt fram mat vegna tjónsins en ekki framkvæmt viðgerð á bifreiðinni. Fyrirtækið hafi hins vegar ekki viljað staðfesta slíkt skriflega. Þá bendir sóknaraðili á að evrópska neytendaaðstoðin hafi áframsent reikning frá öðru fyrirtæki, [...], vegna

viðgerðar á bifreiðinni [...]. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi ekki lagt fram gögn sem staðfesti að viðgerð hafi sannanlega farið fram á umræddri skemmd og kveðst ósáttur við að þurfa að greiða 90.000 krónur án sönnunar á fjárhagslegu tjóni varnaraðila.

Sóknaraðili hefur vísað til þess að hann telji framlagt tjónamat og reikning ekki passa við skemmdina á bifreiðinni en töluverðar skemmdir hafi verið á bifreiðinni við upphaf leigutímabilsins. Þá bendir sóknaraðili á að bifreiðin hafi verið í notkun frá því að sóknaraðili skilaði henni og þar til tjónamat fór fram. Varnaraðili bendir á að samkvæmt skilmálum beri leigutaki fulla ábyrgð á bifreiðinni á leigutímabili og hafi sóknaraðila verið gert að greiða fyrir tjón sem varð á bifreiðinni á leigutímabilinu. Sjálfsábyrgð samkvæmt leigusamningi hafi verið 110.000 krónur. Tjónið hafi verið metið á staðnum og sóknaraðili rukkaður um 90.000 krónur. Óháður aðili hafi síðar metið kostnað vegna tjónsins 165.008 krónur og í kjölfarið hafi bifreiðin verið lagfærð og endanlegur kostnaður verið 167.400 krónur. Varnaraðili hafi ekki farið fram á að sóknaraðili greiddi mismuninn á sjálfsábyrgð skv. skilmálum og þeirri fjárhæð sem þegar hafði verið greidd.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili tók á leigu bifreið með skráningarnúmerið [...] hjá varnaraðila dagana 20. maí til 1. júní 2024. Á leigutímanum varð tjón á hægri afturhlið bifreiðarinnar en að sögn sóknaraðila krafðist varnaraðili þess að sóknaraðili myndi þá þegar við skil á bifreiðinni greiða áætlaðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 90.000 krónur. Greiddi sóknaraðili umkrafaða fjárhæð til varnaraðila.

Með tölvupósti, dags. 12. júlí, upplýsti varnaraðili sóknaraðila um niðurstöðu tjónamats [...]. Kom fram að viðgerðarkostnaður yrði í heild 165.008 krónur. Sóknaraðili hefur óskað eftir frekari staðfestingu á framkvæmd viðgerðarinnar, m.a. með framlagningu ljósmynda, en varnaraðili hefur ekki orðið við því.

Í framlögðu tjónamati [...] vegna tjónsins, dags. 12. júlí 2024, kemur fram að áætlaður kostnaður við viðgerð sé að fjárhæð 165.008 krónur. Skráð kílómetrastaða bifreiðarinnar er 96.320 km en á tjónaskýrslu, sem var fyllt út við skil á bifreiðinni, er kílómetrastaða bifreiðarinnar skráð 64.441 km. Þá liggur jafnframt fyrir reikningur, dags. 15. júlí 2024, gefinn út af fyrirtækinu [...] vegna viðgerðar á [...], að fjárhæð 167.400 krónur. Á umræddum reikningi segir: „Málning og viðgerð á hægri afturhurð og samlitun v/framhurð“.

Óumdeilt er að við skil á bifreið [...] var rispa á farþegahurð bifreiðarinnar sem var ekki merkt á ástandsskýrslu bifreiðarinnar við upphaf leigutímabils. Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón sitt og raunverulegt umfang þess, vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni á meðan sóknaraðili hafði umráð hennar. Óumdeilt er að tjón varð á bifreiðinni þegar sóknaraðili var með hana á leigu. Stendur þá eftir hvort ráða megi með vissu af gögnum málsins hvert raunverulegt fjártjón varnaraðila er vegna þeirra skemmda á bifreiðinni.

Sóknaraðili hefur vísað til þess að tjónamat og reikningur vegna viðgerðar á bifreiðinni [...] sé dagsett um sex vikum eftir að sóknaraðili skilaði bifreiðinni til varnaraðila. Þá liggur fyrir bifreiðin hafi verið í frekari notkun áður en tjónamat fór fram. Kærunefndin bendir á að það sé eðlilegt og liður í því að takmarka tjón

varnaraðila að bifreiðin hafi verið í notkun þar til tjónamat og viðgerð fór fram. Undir rekstri málsins óskaði kæruneftndin eftir að varnaraðili legði fram gögn sem staðfestu að gert hafi verið við þá skemmd sem varð á bifreiðinni í umráðum sóknaraðila. Kæruneftndin óskaði eftir að varnaraðili legði fram myndir af bifreiðinni og staðfestingu á greiðslu reiknings, dags. 15. júlí 2024. Varnaraðili hefur sent kæruneftndinni myndir af bifreiðinni þar sem umrædd skemmd sést ekki. Þá hefur varnaraðili sent skjáskot af millifærslu að fjárhæð 250.000 krónur til [...]. Umrædd millifærsla var framkvæmd 1. ágúst 2024 en varnaraðili vísar til þess í skýringum til kæruneftndarinnar að umræddur reikningur hafi m.a. verið á bakvið færsluna. Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila hefur tjónið ekki fengist bætt frá váttryggingarfélagi.

Með vísan til alls framangreinds telur kæruneftndin að varnaraðili hafi með fullnægjandi hætti sýnt fram á raunverulegt fjártjón sitt sem megi rekja til þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni í meðförum sóknaraðila. Fjárhæð tjónsins er samkvæmt gögnum málsins hærri en sú greiðsla sem sóknaraðili var krafinn um við skil á bifreiðinni. Þá hefur varnaraðili ekki farið fram á að sóknaraðili greiddi mismuninn á þeirri fjárhæð og fjárhæðar sjálfsábyrgðar skv. skilmálum varnaraðila. Að öllu framangreindu virtu ber að hafna kröfu sóknaraðila í málinu.

VI Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson